



Kópavogsbær
b.t. Indriði Stefánsson
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 15. júní 2021
1911316, 510.00 BV

Umsögn umhverfissviðs

Lagt fram erindi frá Indriða Stefánssyni dags. 10. maí 2019 varðandi tillögu að gera steyputorgið að mathöll með matvögnum. Vísað til umsagnar umhverfissviðs og úttektar á burðargetu torgsins.

Umsögn:

Svæðið sem um ræðir er skilgreint sem miðbæjarsvæði og torgsvæði. Stærsti hluti Hálsatorgs staðsettur ofan á loki yfir gjánna sem er Hafnafjarðarvegur en torgið er á föstu landi við austurs- og vesturenda torgsins.

Huga þarf að eftirfarandi atriðum varðandi aðstöðu og framkvæmd við að hafa matvagna á Hálsatorgi:

- Burður: Huga þarf að því að fjöldi matarvagna og þyngd fari ekki yfir burðargetu plötunnar
- Rafmagn: Skoða þarf tengingu á rafmagni fyrir matarvagna og hver myndi bera kostnað af því að setja upp og greiða fyrir rafmagn.
- Þrif: Huga þarf að því hver myndi sjá um að þrifa svæðið, útvega og tæma ruslabíður og þrifa svæðið reglulega.
- Leyfi: Fyrir þarf að liggja hvort það þurfi leyfi frá lögreglu fyrir þeim viðburði að vera með matarvagna á Hálsatorgi. Einnig þurfa aðilar að vera með rekstrarleyfi og tilheyrandi leyfi varðandi sölu og meðhöndlun matvæla.

Mögulega væri valmöguleiki að matarvagnar væru frekar staðsettir á efra plani bílastæðasvæði við Molann ungmennahús þar sem hluta svæðisins væri lokað af og áfram væru bílastæði á neðri hæð og hluta efri hæðar eftir fjöldi matarvagna en líka væri hægt að loka þeim og nýta bílastæði við Borgarholt.

f.h. Skipulagsfulltrúa

Bjarki Valberg
Umhverfisfulltrúi



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is